Akraneskaupstaður

Tillaga um breytingu á samþykktum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar

Gerð er tillaga um eftirtaldar breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar sbr. viðauka 2 við samþykktir Brú Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

Grein. 1.2. í samþykktum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar er svohljóðandi:

Rétt til greiðslu Iðgjalda til sjóðsins eftir 1. júlí 1998 hafa sjóðfélagar sem eru starfsmenn Akraneskaupstaðar, stofnana hans og sjálfseignarstofnana sem hafa lögheimili í kaupstaðnum og starfa í almennings þarfir. Þeir skulu ráðnir til minnst eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé aðalstarf þeirra í þjónustu kaupstaðarins eða stofnana hans og þeir taki laun skv. kjarasamningi St. Ak og Akraneskaupstaðar. Undir þetta ákvæði falla hlutastörf, þó ekki minna en 1/3 úr fullu starfi enda stundi starfsmaður fast samfellt starf og hafi ekki á hendi annað aðalstarf í þjónustu bæjarins.

Gerð er tillaga um að grein 1.2. í samþykktum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar verði svohljóðandi:

Rétt til greiðslu Iðgjalda til sjóðsins eftir 1. júlí 1998 hafa sjóðfélagar sem eru starfsmenn Akraneskaupstaðar, stofnana hans og sjálfseignarstofnana sem hafa lögheimili í kaupstaðnum og starfa í **þágu almennings (leturbreyting SA)**. Þeir skulu ráðnir til minnst eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti **í eigi minna en hálfu starfi (leturbreyting SA)**, enda sé aðalstarf þeirra í þjónustu kaupstaðarins eða stofnana hans og þeir taki laun skv. kjarasamningi St. Ak og Akraneskaupstaðar. Undir þetta ákvæði falla hlutastörf, **þó ekki minna en hálft starf (leturbreyting SA)** enda stundi starfsmaður fast samfellt starf og hafi ekki á hendi annað aðalstarf í þjónustu bæjarins.

Greinargerð með breytingatillögu:

Gerð er tillaga um breytingu á greininni er varðar stærð starfshlutfalls sem er til samræmi við sambærileg ákvæði í samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar sbr. grein 3.1. samþykktanna og samþykktum fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sbr. 1. mgr. 16. gr.

samþykktanna og samþykktum fyrir Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga sbr. 2. mgr. 14. gr. samþykktanna sem allar miða áframhaldandi aðild við að eigi lægra starfshlutfall en 50%.

Mikilvægt er að samræma reglurnar, ekki síst með hliðsjón af samræmingu og jöfnun lífeyrissréttinda á opinberum og almennum vinnumarkaði sbr. lög þessa efnis sem samþykkt voru í lok árs 2016. Gera verður ráð fyrir að til lengri tíma muni verða gerðar breytingar er auki sveigjanleika opinberra starfsmanna til að starfa lengur á opinberum markaði en til næstu mánaðamóta eftir að viðkomandi nær 70 ára aldri líkt og nú er.

Núverandi ákvæði sem miðað rétt til áframhaldandi aðildar í B-deild við eigi minna en 1/3 úr fullu starfi er augljós hindrun fyrir áframhaldandi atvinnuþátttöku þeirra opinberru starfsmanna sem undir þessi réttindi falla þar sem það gefur viðkomandi ekki þann kost að hefja töku lífeyris úr B-deildinni samhliða ávinnslu nýrra réttinda í A-deild viðkomandi sjóðs í allt að 49% starfshlutfalli. Slíkt fyrirkomulag veitir starfsfólki aukna möguleika til að halda áfram atvinnuþátttöku í lækkuðu starfshlutfalli sem getur einnig verið mjög til hagsbóta fyrir vinnuveitanda og því um gagnkvæman ávinning að ræða.

Virðingarfyllst,

F.h. Akraneskaupstaðar

Sævar Freyr Þráinsson

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri

Fylgiskjal:

1. Samþykkt bæjarráðs Akraness í umboði bæjarstjórnar Akraness dags. 27. júlí 2017

Gerð er tillaga um breytingu á grein 28.6 í samþykktum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar.

Grein 28.6. í samþykktum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar er svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka við greiðslu í reiðufé eða skuldabréfi, sem tryggt er með fullnægjandi hætti, frá launagreiðanda til uppgjörs á áföllnum skuldbindingum samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Launagreiðandi, sem gert hefur upp áfallna skuldbindingu sína samkvæmt þessari málsgrein ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til. Ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt grein 28.1 og grein 29 helst þó óbreytt.

Gerð er tillaga um að grein 28.6. í samþykktum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar verði svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt **með samþykki sveitarfélags sem ber bakábyrgð (leturbreyting SA)** að taka við greiðslu í reiðufé eða skuldabréfi, sem tryggt er með fullnægjandi hætti, frá launagreiðanda til uppgjörs á áföllnum skuldbindingum samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Launagreiðandi, sem gert hefur upp áfallna skuldbindingu sína samkvæmt þessari málsgrein ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til. Ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt grein 28.1 og grein 29 helst þó óbreytt.

Greinargerð með breytingatillögu:

Nauðsynlegt er að sveitarfélagið hafi beina aðkomu að svo mikilsverðu máli sem fullnaðaruppgjör launagreiðanda á ábyrgð sinni er og er gerð tillaga um að skýrt verði kveðið á um það fyrirkomulag í samþykktum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar.

Vekja má athygli á að í ákvæði 28.7 er gert ráð fyrir samþykki sveitarfélags sem ber bakábyrgð á þeim réttindasöfnum sem greitt er til, vegna óskar launagreiðanda um að samtímagreiða lífeyrisskuldbindingar með mótframlagi, sem stjórn sjóðsins ákveður að fenginni tillögu tryggingarstærðfræðings. Við þá samþykkt stjórnar fellur niður skylda launagreiðanda til endurgreiðslu lífeyris samkvæmt greinum 28.3 – 28.8.

Akraneskaupstaður

Með hliðsjón af mikilvægi ákvörðunarinnar og til að gæta samræmis er gerð tillaga um að sömu málsmeðferð í ákvæðum 28.6 og 28.7.

Virðingarfyllst,

F.h. Akraneskaupstaðar

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri

Fylgiskjal:

1. Samþykkt bæjarstjórnar Akraness dags. 27. júlí 2017.